

Hverfisráð Hríseyjar

17. fundur

Ár 2007, þriðjudaginn 11. desember kl.16:30 var sautjándi fundi Hverfisráðs framhaldið.

Á fundinn mættu Kristinn Árnason, Kristján Ingimar Ragnarsson, Linda María Ásgeirsdóttir, Hjördís Ýrr Skúladóttir og Aðalsteinn Bergdal.

Kristinn tók að sér fundarstjórn og bauð alla velkomna

Dagskrá:

1. Kosning formann og varaformanns

Kristinn Árnason formaður

Linda María Ásgeirsdóttir, varaformaður

2. Röð varamanna

Dregið var um röð varamann sem verður eftirfarandi:

Þorgeir Jónsson

Þröstur Jóhannsson

Víðir Björnsson

Guðrún Þorbjarnardóttir

Unnsteinn Kárason

3. Önnur mál.

Fastur fundartími Hverfisráðs ákveðinn fyrsta þriðjudag í mánuði kl. 16:30

Linda benti á nauðsyn þess að gefa út upplýsingabækling um Hrísey, flokkun sorps o.fl. á pólsku fyrir nýbúana

Rætt um hvernig best sé að haga snjómokstri og hálkuvörnum á stígnum milli Norðurvegur og Ægisgötu

Umræða um gömlu ruslahaugana. Hvort og hvernig hægt sé að nýta þá sem svæði til útivistar.

Fyrirspurnir um hvort möguleiki sé á að fjölga ferjuferðum og skoða lengingu á ferðamannatímanum í samvinnu við bæjaryfirvöld og ferjumenn og aðra er málið varðar

Lindu falið að hafa samband við Kristján Möller og Kristni falið að tala við ferjumenn.

Athuga hvort ekki er hægt að hafa íþróttahúsið opið almenningi til sýnis og fróðleiks fljótlega eftir áramót

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:30

Kristinn Fr. Árnason
Linda María Ásgeirsdóttir
Kristján Ingimar Ragnarsson
Hjördís Ýrr Skúladóttir
Aðalsteinn Bergdal

Fundargerð rituð og skráð í tölvu af Guðrúnu Kristjánsdóttur